

## Álagastaðir í Litla-Botni.

### 1.

Austast í túninu á Litla-Botni er hóll sá, er Krosshóll nefnist, dregur hann nafn sitt af því að þar hafði verið trékross í kaþólskri tíð. Þar sem krossinn hafði staðið, vex nú stór og falleg birkihrísla. Í Krosshóli átti heima huldufólk, og hafði það látið hrísluna vaxa á hólnum til skrauts á híbýlum sínum. Skammt fyrir vestan túnið er lítið klettabelti sem Steinkirkja heitir. Þar hafði huldufólkið kirkju sína. Var börnunum stranglega bannað að iðka leika sína á Krosshóli, eða vera með hark og háreysti hjá Steinkirkju, til þess að trufla ekki helgiathafnir huldufólksins. Þriðji staðurinn, sem var af sömu ástæðu algerlega friðhelgur var fjósið. Þar mátti aldrei hafa í frammi ærsl eða læti. Væri það gert hafði það ævinlega í för með sér gripatjón eða annan ófarnað.

Á fyrri hluta 19. aldar bjó í Litla-Botni bóndi sá, er Sigurður Sigurðsson hét. Hann var tvíkvæntur og hét fyrri kona hans Ingunn Magnúsdóttir, en hin síðari Halla Sigurðardóttir. Börn átti hann með báðum þessum konum. Auk þess átti hann launson, er Eyjólfur hét.

Það bar til eitt vetrarkvöld, er kúm var hey gefið, að börnin í Litla-Botni voru látin gæta þess, að kýrnar slæddu ekki gjöfinni í flórinn. Voru þau látin sópa því upp að klafaböndunum. Eitt af börnunum var Eyjólfur. Hann var lítill vexti og heilsutæpur, og voru bræður hans mjög harðleiknir við hann. Drógu þeir hann úr einum básnum í annan með ópi og sköllum. Við ólæti þessi æstust kýrnar og slógu með hausum og hölum, en þær fengu það endurgoldið með höggum og formælingum drengjanna. Þegar leik þessum var lokið, hlupu börnin inn í bæ. Baðstofan var þar þá portbyggð. Hús var undir baðstof-unni og lá stigi upp í hana. Á kvöldvökunni er allt fólkið var komið inn og sat á rúmum sínum við ýmis störf, tóku hundarnir allt í einu að urra og gelta í bæjargöngunum. Svo heyrðist hark mikið á baðstofupaki, líkast því sem hörð húð væri dregin til og frá um þakið. Vinnumaður vildi fara út og vita hverju þetta sætti, en bóndi bannaði honum það harðlega. Varð nú svo mikill aðgangur á baðstofupakinu, að bærinn skalf og brakaði í hverju tré, en hundarnir létu sem óðir væru í bæjargöngunum. Gekk á þessu góða stund, uns allt datt í dúnalogn á svipstundu.

Fólkið var mjög óttaslegið við þessi dularfullu læti og lét ljós lifa fram eftir nóttu, meðan lýsi entist á lömpum. Þegar ljós voru slokknuð, lagðist fólkið fyrir í rúmum sínum, en fór ekki úr fötum, og lá svo þar til birta tók af degi. Gekk bóndi þá til fjóss. Lá þá ein kýrin steindauð á básnum og var blá rák, hringmynduð, á hálsi hennar.

Um og eftir miðja 19. öld bjó Einar Ólafsson í Litla-Botni. Hann var skyggn og hefur sú gáfa haldist með ýmsum niðjum hans. Hann sá oft huldufólk í Litla-Botni og oft sá hann þvott breiddan til þerris á birkihríslunni á Krosshóli.

Þegar Eyjólfur, sem fyrr er nefndur var orðinn uppkominn maður, var hann oft hjá Einari í Litla-Botni og gegndi þar stundum fjósverkum meðal annars. Tómas hét vinnumaður einn hjá Einari; hann varð síðar tengdasonur hans. Einu sinni tóku þeir Tómas og annar vinnumaður sig saman um að hræða Eyjólf í fjósinu. Ekki segir frá því hvort það tókst, en hitt er víst að styggð kom að kúnum. Urðu þær allar meira og minna hræddar og var af þessu mikið hark í fjósinu. Kýr ein var þar er Húfa hét. Hún var nýborin og komin í 18 merkur. Sat Eyjólfur í básnum hjá henni og reyndi að sefa hana og sagði: "Við skulum ekki vera hrædd, Húfa mín." Fór Eyjólfur ekki úr fjósinu fyrr en ró var á komin. En morguninn eftir, þegar komið var í fjósið, lá Húfa dauð á básnum sínum. Fundust blettir á hálsi hennar, sem þóttu benda til að hún hefði verið kyrkt.

(Árni Óla. Álög og bannhelgi).

2.

(Eins og fyrr segir bjó Einar Ólafsson í Litla-Botni um miðja síðustu öld. Hann gætti þess vandlega að halda hinar óskráðu reglur. T.E.).

Fjósið í Litla- Botni stóð uppi á hól skammt vestur frá bænum og rann lækur milli fjóss og bæjar. Ekki veit ég, hvort Einar byggði fyrstur fjós þarna, en það hefur staðið þar, þegar hann kom, má vera, að það hafi staðið þarna frá því fyrsta.

Á þessu fjósi voru álög. það mátti aldrei rífast eða blóta þar inni, því þá gerðist eitthvað ógott, kýrnar ærðust eða annað þess háttar. Ekki mátti heldur færa fjósið úr stað og lá eitthvað mikið við, væri það gert. Rétt austan við fjósið voru nokkrar skrítnar þúfur, sem ekki mátti hrófla við. Í suðurhlið hvernar þúfu sá í stein, áþekkast litlum gluggum, þetta var kallað augun og áttu að vera gluggar huldufólks. Fjósbrennurinn var þarna líka skammt frá augunum og þraut aldrei, átti hann líka að vera undir vernd huldufólks með einhverjum skilyrðum .

Ekki veit ég, hve gömul þessi hjátrú var, eða hvort Einar hafði þetta frá sínum huldu vinum, má það vel vera. En hann gætti þess vel að spilla ekki þessum bannhelgu stöðum, hann lagði mikinn trúnað á þetta, og í hans tíð og afkomenda hans í Botni var aldrei hróflað við þessum bannhelga reit vestan við bæjarlækinn.

En bóndi sá, er kom að Botni, þegar fólk Einars fór þaðan tók ekki neitt mark á slíkum hindurvitnum, Hann sléttaði Krosshólinn, byrgði fyrir augun í þúfunum, eyðilagði brunninn með steinsteypu, svo hann þornaði- færði fjósið heim að bæ til að losna við að fara yfir lækinn. En það sagði hann mér að væri versta verk, sem hann hefði unnið og hefði slíkt ólán komið fyrir hann, að hann iðraðist þess meðan hann lifði, en ekki hef ég leyfi til að segja frá því hér.

Ekki hafði ég heyrt um þessi álög á fjósinu fyrr en ég kom að Botni fyrir nokkrum árum og bóndinn sagði mér frá þeim. Sýndi hann mér, hvar fjósið hafði staðið úti á hólnum, sagðist hann hafa haft mikið fyrir að slétta yfir grunninn, en það væri eins og hann vildi aldrei hverfa. Og það stóð heima, þegar horft var með athygli á blettinn, sást vel marka fyrir básunum og litlum kálfsbás inn í norðurgaflinn. Þó voru um fimmtíu ár síðan fjósið var flutt.

(Halldóra B. Björnsson: Jörð í álögum).